

Menning

Menning

Menning

Menning

Ragnheiður Jónsdóttir Ream: Yfirlitssýning

Nú fer senn að ljúka yfirlitssýningu á verkum eftir Ragnheiði Jónsdóttur Ream, sem staðið hefur yfir að Kjarvalsstöðum.

Ef marka má heimildir í sýningarskrá hóf Ragnheiður seint eiginlegt listnáms. Það var í The American University, Washington D.C. U.S.A. árið 1954, og stundaði hún þar nám til 1959.

Listakonan hélt einar 9 einkasýningar og tók þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis þar sem hún var búsett um árabil.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream fæddist 10. sept. 1917 og andaðist 22. des. 1977.


Fljótt þroski.

Þó svo ferill listakonunnar hafi byrjað fremur seint, er það greinilegt, eftir að hafa skoðað sýninguna að Kjarvalsstöðum, að hún hefur náð listrænum þroska á óvenju skömmum tíma.

Ljóst er að Ragnheiður kunnir að tileinka sér myndmál amerísku expression-abstract málara, sem voru í algleymingi um það leyti er hún

hóf listnám. En þó svo listakonan hafi nýtt sér ytra útlit New-York skólans, þá er myndhugsun Ragnheiðar gjörólík þeim amerísku og forsenduna að hennar málverki er fyrst og fremst að finna í íslensku landslagi.

Ef við lítum á ritgerðir eftir bandaríska gagnrýnandann H. Rosenberg um ameríska expressionismann, sjáum við að New-York skólinn var gjörsamlega abstract mynd-fyrirbrigði. Rosenberg segir að listamennirnir hafi þurft að tæma hug sinn og reynt að nálgast það ástand að verða í senn efnislegur og andlegur hluti af myndverkinu. (Gagnstætt súrrealistunum sem með sínum „automatísma“ unnu út frá mynd eða tengslum fleiri mynda.) Spurningin hjá þeim amerísku var ekki að mála ákveðna lifaða reynslu eða minningu, heldur var hin myndræna útfærsla inntak í sjálfu sér. Listamaðurinn vissi ekki fyrirfram að hvaða niðurstöðu hann kæmist eða hvernig myndin mundi líta út. Eini ásetningur listamannsins var „að umbreyta einu efni (lérefið) með öðru efni (lit).“ Abstract-expressionisminn var (og er) því ávallt stefnumót við hið óþekkt — eins konar ævintýri.



„Myndir mínar eru ekki fyllilega abstract. Þær eru ævinlega byggðar á náttúrunni. Íslenskt landslag æsku minnar, ómælisviðátta og tær norðanbirta þess er hvat myndanna. Eg reyni alltaf að ná þessari vidd í verk mín.“

(R. J. Ream, úr sýningarskrá)

Landslag

En myndverk Ragnheiðar eru alls ekki „automatísk“. Í þessum myndverkum liggur forsendan, eins og áður segir í landslaginu og náttúrunni. Listakonan rissar hér „nákvæmlega“ upp sjóndeildarhring, fjöll, hraun, tún og klappir, sem hún síðan litar með kvikri

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

áferð expressionistanna. Þannig leggur listakonan sig fram við að brjóta upp landslagsmótífíð með blæbrigðaríkri pensilskrift. Myndverkin eru ekki eftirlíking á landslagi, heldur getum við fremur talað um ákveðna samsvörun milli litanna og náttúrunnar. Þannig að áhorfandinn á auðvelt með að framkalla skýr skyntengsl milli myndverksins og umhverfisins.

Landslag = litur

Liturinn í málverki Ragnheiðar er umfram litur, sem hún vinnur oft á tímum hratt, en þó með einbeitri nákvæmni. Litablæbrigðin í málverki hennar eru vilji til að tjá okkur þann sibreytileik sem við finnum í birtunni,

hafinu, eða fingerðum gróðri íslenskrar náttúru. Óskilgreind pensilskriftin, gefur áhorfendum möguleika á að lesa út úr viðkomandi formum — náttúru flötum — ákveðnar sjónrænar umbreytingar sem skírskota til hinnar síkviku náttúru, án þess þó að augað geti staðnæmt við eitt eða annað skilgreint náttúrumótíf. Auga áhorfandans flögrar yfir myndflötinn og framlengir þannig hið sífella umrót sem hin myndræna framsetning býður uppá. Augað og liturinn framkalla þannig mynd sérhvers áhorfanda.

Það er augljóst að miklar breytingar í byrjun 8. áratugarins. Ný viðfangs-efni — epli, kaffibollu, stóll, borð, gluggi, — koma fram og umbreyta í mörgu myndrænni hugsun Ragnheiðar. Myndirnar verða meira afgerandi í formi, þó liturinn í sínum mjúku tónbrigðum sé enn nátengdur áðurnefndum náttúrustemningum. Víst er að stórir hlutir voru að gerjast í myndverki Ragnheiðar.

Fullkomin mynd.

Sýningin í heild, gefur afar fullkomna mynd af ferli listakonunnar. Við kynnumst nokkrum klippimyndum, og rissmyndum (nátengdum automatísma New-York skólans); við sjáum modelteikningar og getum þannig fylgt með öllum breytingum á list hennar, hvernig hún hefur reynt ýmsar leiðir og smásaman kristallast sá listpersónuleiki sem við getum notið í olluverkunum.

Þá má einnig minnst á að öll framsetning sýningarinnar og sýningarskrá

með almennri fræðslu um listakonuna er til fyrirmyndar.

-G.B.K.

Tónlist

Tónlist um helgina og í næstu viku


Á laugardag 3. apríl hafa höfuðstaðarþúar um að minnsta kosti þrenna tónleika að velja. — Lúðrasveit Verkalýðsins leikur í Gamla bíói kl. 14. Antóníó Corveiras leikur í Filadelfíukirkjunni kl. 17 og kl. 14.30 leikur Guðrún Th. Sigurðardóttir einleikarprófskonsert sinn ásamt Önnu Þorgrímsdóttur í Austurbæjarbíói. (Hjálmur Sighvatsson lék sinn konsert á föstudagskvöld).

Á sunnudag og mánudagskvöld flytur Kór Langholtskirkju Messias eftir Händel í Fossvogskirkju, en sá flutningur er orðinn árlegur stórviðburður.

Á mánudagskvöld kl. 20.30 leikur Strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík fjáröflunartónleika í Bústaðakirkju. Þar geta menn sameinað tvennt: að njóta góðra tónleika og styrkt gott málefni.

Svo um páskahelgina sjálfa, 9. 10. og 11. flytur Pólýfónkórinn Mattheuspassíuna í Háskólabíói og það láta víst ekki margir fram hjá sér fara, sem á annað borð hafa áhuga á góðum tónflutningi.

Eyjólfur Melsted



„Ég hataði teikningu ískóla“ (R. J. Ream, úr sýningarskrá)

(Ljósmyndir: GBK).

AF KÓR LANGHOLTSKIRKJU

Flytur Messías Händels í heild nú í byrjun páskavikunnar

Kór Langholtskirkju gefur páska-tóninn í ár með flutningi sínum á Óratóriunni Messias eftir Händel í Fossvogskirkju. Fyrirhugað var að halda tvenna tónleika, á morgun og á mánudaginn, en það fór sem vænta mátti að uppselt varð jafnskjótt og um heyrðist og því verða tónleikarnir þrennir. Aukatónleikarnir eru á þriðjudagskvöldið. Allir eru þeir í Fossvogskirkju og byrja kl. 16 — á morgun en kl. 20 hina dagana.

Langholtskirkjukórinn flutti óratóriu Händels á páskunum í fyrra en þá ofurlítið stytta og að þessu sinni verður hún flutt í heild sinni. Kammersveit skipuð félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Michaels Sheltons. Einir 7 einsöngvarar syngja með kórnum, þau Ólöf K. Harðardóttir, Sólveig Björning, Garðar Cortes, Halldór Vilhelmsson, sem syngja stór hlutverk og Signý Sæmundsdóttir, Ragnhildur Fjeldsted og Ásgeir Bragason.

Þess má geta að Ásgeir mun syngja svonefndan counter-tenor eða í falsettu og mun það í fyrsta sinn sem Íslendingur syngur þá rödd — en það tíðkaðist mjög í eina tíð. Stjórnandi kórsins er Jón Stefánsson, organisti Langholtskirkju og kórstjóri frá 1964 enda löngu kunnur fyrir markvissa stjórn tónlistar í Langholtinu. Formaður kórsins, Ingimundur Friðriksson, sem upplýsti DV um tónleikana, fór góðum orðum um störf Jóns við kórinn og sagði söngfélagana mega hrósa happi yfir áhuga hans.

Kór Langholtskirkju skipa nú 60 manns og er ekki ætlunin að hann verði stærri enda gera verkefni kórsins ekki ráð fyrir fleirum. Komast færri að en vilja að sögn Ingimundar. Æfingar eru einatt tvisvar í viku. Við messur syngur hluti kórs í senn og er skipt verkum. Ýmis konar félagslíf fer fram meðal kórfélaga auk söngæfinganna ströngu og var ekki annað að sjá af

svip formannsins en þar væri oft glett á hjalla.

Hljómplötur og ferðalög

Óratória Händels er annað stórverkefni kórsins í vetur en hann flutti jólaóratóriu Bachs um áramótin. Kórinn kom einnig fram á Myrkum músikdögum. Eftir páskana er ætlunin að æfa efnisskrá sem farið verður með út fyrir borgina og einnig er ætlunin að taka upp a.m.k. eina hljómplötu með sálmalögum á þessu ári. Verður það hin fyrsta í röð platna, ein plata fyrir hvern hluta kirkjuársins.

DV innti kórformanninn eftir framvindu kirkjubyggingarinnar í Langholti og kom fram að kórinn gerir sér vonir um að geta haldið tónleika sína þar frá og með næsta hausti. Sem stendur fer messuhald og söngur fram í Safnaðarheimili sóknarinnar. —Ms.



Jón Stefánsson organisti og stjórnandi Kórs Langholtskirkju ásamt kórfélögum. Myndin var tekin á svokallaðri opinni æfingu, alveg nýlega, en slíkar æfingar heldur kórinn árlega og býður þá styrktarfélagum að fylgjast með. Styrktarfélagar eru nú um 200.

(Ljós. Bjarnleifur)



Hér eru þau Sigurveig Jónsdóttir og Magnús Ólafsson í hlutverkum sínum.

15. sýning á Karlinum í kassanum í kvöld

— síðasta sýning fyrir páska

Í kvöld sýnir Garðaleikhúsið gamanleikritið Karlinn í kassanum í 15. skipti. Þetta er síðasta sýningin fyrir páska og er sýnt í Tónabæ (gamla Lidó) eins og venjulega. Mjög góð aðsókn hefur verið að sýningum og verður haldið áfram af fullum

krafti eftir páskafrí. Leikstjóri er Saga Jónsdóttir og með helztu hlutverk fara Magnús Ólafsson, Aðalsteinn Bergdal, Sigurveig Jónsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Þórir Steingrímsson og Valdimar Lárusson. Sýningin hefst kl. 20.30.